

Sp.

30. Tillaga til þingsályktunar

[29. mál]

um skipun nefndar til að gera tillögur um endurbætur á fyrirkomulagi um vöruskömmtnun, innflutning og dreifingu skömmtnunarvara o. fl.

Flm.: Katrín Thoroddsen, Arnfinnur Jónsson, Ásmundur Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nú þegar þriggja manna nefnd, er endurskoði skömmtnunarkerfi það, er nú tíðkast, og athugi jafnframt í samráði við viðskiptanefnd, hverja nauðsyn beri til skömmtnunar hinna ýmsu vöruflokka, svo og hverra birgða aðfluttra lífsnauðsynja sé að vænta á næsta ári og hvernig innflutningi þeirra og dreifingu muni hafa, hve mikill hluti þeirra fari til verzlana og þaðan til neytenda og hversu mikið gangi til iðnaðarframleiðslu og hvaða vörutegundum og magni sú framleiðsla skili af sér aftur á innlendan markað.

Að lokinni undirbúningsrannsókn semji nefndin tillögur um:

1. Hvaða vörur beri að undanþiggja skömmtnun.
2. Á hvaða vörum beri að takmarka sölu.
 - a. Hvernig þær skuli skilgreindar, svo að ekki verði um villzt, við hvað sé átt.
 - b. Hverjar kröfur beri að gera til gæða þeirra, svo að notagildið sé sæmilega tryggt.
3. Hvernig skömmtnunarvörubörf einstaklinga og heimila skuli metin, þegar höfð er hliðsjón af hinum mismunandi aðstæðum hlutaðeigenda, svo sem aldursflokki, kynferði, atvinnugrein, heimilishögum o. þ. u. l.
4.
 - a. Hve miklu skömmtnunarvörumagni skuli alls úthlutað á ári komanda.
 - b. Hve stóran skerf skuli þar af áætla einstaklingum og heimilum hinna ýmsu neytendaflokka.
 - c. Hve langan tíma hver innkaupaheimild skuli hafa gildi.
5. Hvernig innflutningur og vörudreifing verði samræmd skömmtnunarkerfinu, svo að öruggt sé, að vörur þær, sem innkaupaheimildin nær til, séu fyrir hendi, þannig að hlutaðeigendur eigi þess jafnan kost að fá keypta fyrirhafnarlítið og undir-málalaust þá vöru, sem þeim hefur verið ávisuð.
6. Hverjar nauðsynjavörur, aðrar en þær, sem skömmtnun eru háðar, skuli sitja í fyrirrími fyrir öðrum innflutningi.

Nefndin skal þannig skipuð, að Alþýðusamband Íslands tilnefni einn mann, Bandalag íslenzkra kvenfélaga annan og Stéttarsamband bænda þann þriðja. Nefndinni til aðstoðar skipar ríkisstjórnin hagfræðing. Nefndin skal ljúka störfum og skila álitinu sínu og tillögum fyrir miðjan desember næstkomandi.

Greinargerð.

Framkvæmd vöruskömmtnunarinnar svonefndu, er upp var tekin hér á landi fyrir réttu ári, hefur verið með þeim hætti, að varla virðist einleikið, hve illa er unnið og óhöndulega. Afleiðing þessa hefur og orðið sú, að sjálf vöruskömmtnunin hefur mistekizt hrapallega, en allur almenningur orðið sáróánægður og fengið svo illan bifur á skömmtnuninni, að við liggur, að menn líti á hana sem beina árás á lífskjör sín, erfðavenjur, heilsu og hamingju. Til slíks hefði ekki þurft að koma, ef skipulega hefði verið til verks gengið og heill hugur fylgt máli.

Vöruskömmtnun hlýtur einatt að vera fjölþætt fyrirtæki. Öðrum þræði fólgin í öflun og aðdrætti varanna, varðveizlu þeirra og dreifingu, en að hinu leytnu aðgæzlu, svo að komið verði í veg fyrir óhófseyðslu, óréttlæti, misskiptingu, svik og svartamarkaðsokur. — Hvert einasta þessara grundvallaratriða vöruskömmtnunarinnar hefur verið vanrækt að meira eða minna leyti, eins og raun ber vitni um.

Það sémir ekki, að Alþingi láti afskiptalaust mál, sem svo mjög snertir hagþjóðarinnar, og því er tillaga þessi borin fram.